

# Ágrip af sögu Flensborgarskólans

## *Stofnun og upphaf Flensborgarskóla 1877 til 1882*

Segja má að séra Þórarinn Böðvarsson, prófastur að Görðum á Álftanesi, sé faðir Flensborgarskólans í Hafnarfirði. Hann var fæddur í Gufudal við Breiðafjörð árið 1825 og tók stúdentspróf frá Reykjavíkurskóla 1847. Tveimur árum síðar lauk hann prófi frá Prestaskólanum og vígðist það sama ár aðstoðarprestur föður síns sem þá var prófastur á Melstað í Miðfirði.

Þórarinn kvæntist Þórunni Jónsdóttur árið 1849. Árið 1854 var honum veitt prestsembætti í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp og 1865 varð hann prófastur í NorðurÍsafjarðarsýslu. Séra Þórarinn og Þórunn fluttust suður árið 1868 ásamt fjórum börnum sínum og hann tók við prestsembætti að Görðum á Álftanesi. Þá náði prestakallið yfir Álftaneshrepp en sóknirnar voru tvær, Garðasókn og Bessastaðasókn. Árið 1872 varð Þórarinn prófastur yfir Kjalarnesprófastsdæmi og gegndi hann því embætti til dauðadags.

Þórarinn var kjörinn alþingismaður fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu árið 1869 og sat samfelld á þingi til ársins 1894. Hann hafði verið varaþingmaður Ísfirðinga frá 1862 til 1868 og tekið allmikinn þátt í félagsmálum þar vestra.

Í grein í *Andvara* árið 1897 lýsir Þórhallur Bjarnarson séra Þórnari Böðvarssyni svo:

Sjera Þórarinn var göfugmannlegur höfðingi í sjón, fríður og svipmikill, hár og þrekinn, rjóður í kinnum og dökkur á hár fram til efstu ára. Fremur var hann þurr og fámæltur í fyrstu kynningu, en ræðinn og gamansamur við kunnuga; heimilisfaðir var hann hinn beztu og ágætur heim að sækja. Þótt hann væri þungur á bárunni, kenndu andstæðingar hans í landsmálum eigi óvildar í einkaskiptum; hann var að upplagi friðsamur og sáttfús, eða hafði tamið sjer það. Alla æfi var hann hinn mesti hófs- og stillingarmaður, þróttmikill til líkama og sálar.<sup>1</sup>



*Séra Þórarinn Böðvarsson.*

<sup>1</sup> Þórhallur Bjarnarson, „Þórarinn prófastur Böðvarsson“, *Andvari*, 22. árg. s. 15.

Um miðja 19. öld höfðu prestar eftirlitsskyldu með menntunarmálum í sókn sinni og laut hún einkum að fræðslu barna. Séra Þórarinn hafði mikinn áhuga á alþýðufræðslu og lagði því mikla áherslu á að sinna þessari hlið starfsins.

Á þessum tíma var mikil fátækt í landinu og almennt menntunarleysi og í bréfi til stiftsýfirvalda árið 1869 segir Þórarinn að í Garðaprestakalli sé „rúmur þriðjungur barna á aldrinum 10–14 ára ... ólæs og sé ástandið einna verst í Hafnarfirði.“<sup>2</sup>



Þórunn Jónsdóttir.

Í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði verið til sjóður síðan 1759, Thorkillii- sjóðurinn, sem var dánargjöf Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors en hann hafði það hlutverk að styrkja menntun fátækra barna í Kjalarnesþingi. Fyrir fé úr þessum sjóði hafði barnaskólinn að Hausastöðum á Álftanesi verið rekinn á árunum 1792 til 1812. Sjóðurinn hafði einnig verið notaður til að létta undir fátækraframfærslu í hreppunum. Að þessu leyti stóð Gullbringu- og Kjósarsýsla betur að vígi en aðrar sýslur.

Árið 1869 andaðist Böðvar, elsti sonur séra Þórarins og Þórunnar. Hann var nemandi í Lærða skólanum í Reykjavík þegar hann lést, aðeins 19 ára gamall. Böðvar var mikill efnispiltur og við hann höfðu

verið bundnar miklar vonir. Í minningargrein um Böðvar eftir Jón

Þorkelsson rektor segir meðal annars:

Böðvar var mikið vel gáfaður, enda gékk honum skólanámið mjög vel. Hann var ávalt með þeim piltum, er efstir sátu í þeim bekk, er hann var í ... Það eru engar ýkjur, þótt sagt sé, að hann hafi verið einhver hinn bezt og efnilegasti af lærisveinum skólans; hann var í allri breytni sinni sannkölluð fyrirmynd skólabræðra sinna, ... Hann var einstaklega siðprúður, iðinn og reglusamur, hógvær og stiltur, og eins og hann var vinsæll og elskaður af öllum skólabræðrum sínum og öllum þeim, er við hann kyntust, eins ávann hann sér virðing og ást allra kennara sinna, er hann aldrei stygði með nokkru orði eða atviki.<sup>3</sup>

---

<sup>2</sup> Kristján Bersi Ólafsson, *Flensborgarskólinn í hundrað ár*, s. 6.

<sup>3</sup>Jón Þorkelsson, *Æfi- og útfararminning skólapílls Böðvars Þórarinssonar*, s. 4.

Fráfall Böðvars var foreldrum hans mikið áfall og fljótlega eftir andlát hans fór að þróast með þeim sú hugmynd að beita sér fyrir stofnun skóla í minningu hans.



*Böðvar Þórarinnsson.*

Til að svo mætti verða keyptu þau jörðina Hvaleyri sumarið 1870 og tilkynntu jafnframt að þau væru tilbúin til að gefa jörðina undir skóla. Nokkrar umræður urðu í kjölfarið um fyrirhugaðan Hvaleyarskóla. Málið var meðal annars tekið upp á Þingvallafundi 1874 og á Alþingi 1875 og 1877. Leiddi sú umræða til þess að fyrsti gagn-



*Æfi- og útfararminning skólapiils 1869.*

fræðaskólinn á landinu, Möðru-vallaskóli í Hörgárdal, var settur á stofn. Tillaga um stofnun gagn-fræðaskóla á Hvaleyri var felld. Til að halda hugmyndinni um skóla í Hafnarfirði enn frekar á loft keyptu séra Þórarinn og Þórunn húseignina Flensborg í Hafnarfirði af danska stórkaupmanninum P. C. Knudtson og syni hans N. H. Knudtson sumarið 1876. Flensborg hafði verið aðsetur verslunar frá síðari hluta 18. aldar og dró nafn sitt af borginni Flensborg sem þá tilheyrði Danmörku. Þaðan höfðu kaupmennirnir, sem stofnuðu verslunina, komið. Verslunarhúsið var að öllum líkindum byggt 1816–1817 en verslunin lagðist af 1875. Þess má geta að borgin Flensborg hét Flensaburg á 12. öld og er heiti hennar dregið af ánni *Flenså*. Þar var þá reist virki (burg á þýsku). Borgarheitið merkir því *Virkið við ána Flenså*.

Þann 10. ágúst 1877 gáfu Þórarinn og Þórunn Flensborgarhúsið ásamt Hvaleyrarjörðinni til að stofna þar alþýðuskóla. Þau gerðu þetta til að „heiðra minningu þessa okkar ógleymanlega sonar með því að gefa nokkurn hluta af eignum okkar til einhvers þess fyrirtækis, sem eflt gæti menntun og góða siði meðal almennings í föðurlandi okkar.“<sup>4</sup>

Stiftsýfirvöld gáfu út stofnunarskrá fyrir alþýðuskóla í Flensborg 18. febrúar 1878:

<sup>4</sup> Guðni Jónsson, *Minningarrit Flensborgarskólans 1882–1932*, s. 22.

1. gr.

Í Flensborg í Hafnarfirði er stofnaður alþýðuskóli af gjöf þeirri, er Þórarinn prófastur Böðvarsson í Görðum á Álftanesi og kona hans, frú Þórunn Jónsdóttir, hafa gefið til slíkrar stofnunar með bréfi dags. 10. ágúst 1877. — Gjöf þessi er:

a. Heimajörðin Hvaleyri í Álftaneshreppi, 18.3 hndr. að dýrleika, með öllum húsum, sem á jörðinni eru, og öllum jarðarnytjum.

b. Skólahús í Flensborg með ofnum, bordum og bekkjum og öllu nagl-föstu, útihús úr timbri og tún umgirt.

Eigur þessar eru virtar á 7500 kr., og er þar í gjöf frá kaupmanni D. A. Johnsen í Kaupmannahöfn, 400 kr., og ekkju Þórunni Sigurðardóttur, 200 kr.

Auk þessa á skólinn það, sem óinnkomið er af söluverði fyrir „Lestrarbók Æfi- og útfararminning handa alþýðu 1874“, eftir skýrslu, sem útgefandinn gefur þar um stiftsýfirskólapilts 1869. völdunum.

Um skóla þennan eru samkvæmt gjafabréfi settar þær undirstöðuákvæðanir, sem segir í eftirfylgjandi greinum.

2. gr.

Skóli þessi á fyrst og fremst að vera barnaskóli fyrir Garðaprestakall á Álftanesi og þar næst, eftir því sem efni og kringumstæður leyfa, almennur menntunarskóli, er gefi mönnum kost á að afla sér þeirrar þekkingar, sem álitast má nauðsynleg hverjum alþýðumanni, er á að geta kallast vel að sér.

3. gr.

Arðinum af eignum skólans og öðrum tekjum, er til skólans kunna að renna, skal fyrst og fremst verja til að viðhalda skólahúsinu og endurbæta það, og svo til að kaupa nauðsynleg áhöld, til að létta stofnkostnað og í aðrar þarfir skólans. Jafnan skal nokkurt fé vera í sjóði. Fé skólans skal ávaxta eftir sömu reglum og ómyndugra fé.

4. gr.

Skólinn, eigur hans og tekjur, skulu vera undir stjórn þriggja manna nefndar, sem stiftsýfirvöldin skipa. Nefndarmenn skipta sjálfir störfum með sér, en að öðru leyti er engin ráðstöfun eða borgun affé skólans gild, nema meiri hluti nefndarinnar hafi samþykkt hana. Við lok hvers skólaárs skal skólanefndin senda stiftsýfirvöldum skýrslu um skólann og fjárhag hans.

5. gr.

Stiftsýfirvöldin á Íslandi hafa yfirumsjón yfir skólanum, og setja eftir tillögum skólanefndarinnar reglugiörð fyrir skólann um allt fyrirkomulag hans og stjórn; þau gæta þess, að efnun hans sé réttilega varið, og samkvæmt tilgangi gjafar þeirrar, sem stofnun hans er byggð á.<sup>5</sup>

---

<sup>5</sup> Guðni Jónsson, *Minningarrit Flensborgarskólans 1882–1932*, s. 29–30.




*Skólahúsið í Flensborg 1884.*

Strax um haustið 1877 hófst kennsla í alþýðuskólanum Flensborg. Þorsteinn Egilsson sá um kennsluna og voru um 20 börn í skólanum. Skólinn var viðurkenndur af stiftsyfirvöldum og fékk árlega nokkurn styrk úr landsjóði. Árin 1878 og 1879 fékk hann 300 krónu styrk á ári og árin 1880 og 1881 nam styrkurinn 500 krónum hvort ár. Sýslusjóður og hreppssjóður Garðahrepps lögðu einnig nokkurt fé fram til styrktar skólastarfinu. Flensborgarskólinn hafði farið vel af stað og allt benti til þess að hann yrði barnaskóli sveitarinnar til framtíðar. Sérstakar ástæður urðu þó til þess að breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi skólans.

Árið 1880 ákvað hreppsnefnd Bessastaðahrepps að koma á fót sér- stökum barnaskóla þar og til þess fékkst styrkur af opinberu fé. Skáldið og alþingismaðurinn Grímur Thomsen á Bessastöðum var aðalforgöngumaður þessa. Íbúum í Bessastaðasókn þótti of langt fyrir börnin í hreppnum að sækja skóla í Flensborg og mun meira hagræði í alla staði að hafa barnaskóla á Bessastöðum. Með þessu var grundvöllinum fyrir rekstri Flensborgarskóla að nokkru leyti kippt burt. Séra Þórarni gramdist mjög stofnun Bessastaðabarnaskólans og leit hann á hana sem aðför að Flensborgarskólanum og sér sjálfum enda voru jafnan fáleikar með honum og Grími Thomsen. Í ljósi þessa ákváðu Þórarinn og Þórunn að breyta gjafabréfi sínu í þá veru að Flensborg yrði alþýðu- og gagnfræðaskóli. Bréf þar að lútandi er dagsett 1. júní 1882 og var sent stiftsyfirvöldum til samþykktar. Þau féllust á breytingarnar og báðu landshöfðingjann,

Hilmar Finsen, um að semja nýja skipulagsskrá fyrir skólann og staðfesta nýja reglugerð fyrir hann. Ný reglugerð fyrir alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg var svo gefin út 21. júlí 1882.

Í reglugerðinni segir meðal annars að ætlunarverk skólans sé „að veita lærisveinum þeim, er í hann ganga, almenna menntun, glæða sálargáfurnar, auka þekkinguna og styrkja siðferðislega hæfileika þeirra, að þeir verði hæfir til að standa vel í stöðu sinni sem alþýðumenn og jafnframt gjöra þá færa um að taka að sér barnakennslu.“<sup>6</sup> Þá er tekið fram að hver sá er sækist eftir inntöku í skólann verði að sýna fram á „að siðferði hans sé óspillt, að hann sé eigi yngri en 14 ára, og eigi eldri en 20 ára ... að hann hafi numið það, sem heimtað er til fermingar, svo sem bóklestur og skrift, og í reikningi: samlagning, frádrátt, margföldun og deiling í heilum tölum og tugabrotum.“<sup>7</sup> Þær námsgreinar sem skyldi kenna við skólann voru



*Flensborgarhöfn 1909.*

„íslenska, danska, enska, saga og landafræði (einkum saga og landafræði Íslands), talfræði, rúmfræði, dráttlist. Ennfremur: Undirstöðuatriðin í dýrafræði, grasafræði, eðlisfræði og efnafræði, söngur og leikfimi.“<sup>8</sup>

<sup>6</sup> Guðni Jónsson, *Minningarrit Flensborgarskólans 1882–1932*, s. 38.

<sup>7</sup> Guðni Jónsson, *Minningarrit Flensborgarskólans 1882–1932*, s. 38.

<sup>8</sup> Guðni Jónsson, *Minningarrit Flensborgarskólans 1882–1932*, s. 39.

## ***Gagnfræðaskóli og kennaraskóli 1882–1908***

Í breyttri mynd tók Flensborgarskólinn til starfa 1. október 1882. Jón Þórarinnsson, sonur Þórarins Böðvarssonar og Þórunnar Jónsdóttur, hafði verið ráðinn skólastjóri en tveir aðrir kennarar, Magnús Helgason og Valdimar Ásmundsson, höfðu einnig verið ráðnir við skólann. Nemendur voru 23 en auk þeirra voru 26 nemendur í barnaskólanum sem starfaði áfram sem sjálfstæð stofnun í húsnæði Flensborgar.



*Jón Þórarinnsson.*

Jón Þórarinnsson var fæddur árið 1854 og útskrifaðist úr Lærða skólanum 1877. Hann lagði til að byrja með stund á heimspeki við háskólann í Kaupmannahöfn og síðan guðfræði en hvarf frá því námi og hóf að kynna sér uppeldisfræði og skólamál. Á árunum 1881 til 1882 ferðaðist hann í því skyni til Englands og Þýskalands áður en hann hélt heim til að taka við starfi skólastjóra.

Þegar Jón bjó í Hafnarfirði tók hann virkan þátt í ýmsum málum, beitti sér fyrir símalagningu til bæjarins, starfrækti efnagerð, sat í stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar, átti sæti í hreppsnefnd og var alþingismaður Gullbringu- og Kjósarsýslu 1886 til 1900. Hann tók fyrstur manna við embætti fræðslumála- stjóra árið 1908 og gegndi því til dauðadags árið 1926.

Það var mikill fengur fyrir Flensborgarskólann að fá til starfa mann eins og Jón. Það kom í hlut hans að móta starfsemi skólans og stefnu og halda utan um þá mikilvægu starfsemi sem þar fór fram frá upphafi. „Hjálpaði honum þar til ekki aðeins góð gáfa og framarleg þekking á uppeldismálum yfirleitt, heldur og óvenjulegur skilningur hans á hagnýtum hlutum, sem að gagni mega koma í lífinu, samfara góðum stjórnarhæfileikum.“<sup>9</sup>

Flensborgarskólinn starfaði á þessum fyrstu árum í rauninni á þremur stigum. Barnaskólinn var starfræktur samhliða gagnfræðaskólanum fram til ársins 1895 og árið 1892 var komið á fót kennaranámi við skólann. Í frumvarpi, sem þeir feðgar, Þórarinn og Jón, lögðu fram á Alþingi 1887, var lagt til að stofnaðir yrðu tveir kennaraskólar á landinu, annar á Möðruvöllum í Eyjafirði og hinn í Flensborg. Frumvarpið var ekki samþykkt en umræða um málið hélt þó

<sup>9</sup>Guðni Jónsson, *Minningarrit Flensborgarskólans 1882–1932*, s. 44.

áfram. Þann 1. febrúar 1892 var síðan sett reglugerð um kennarakennslu í Flensborgarskóla. Hún skyldi fara fram á 6 vikna námskeiði eftir að kennslu í gagnfræðaskólanum var lokið. Auk þess var veitt tilsögn í uppeldisfræði yfir vetrartímenn þeim nemendum úr efri deild skólans sem þess óskuðu. Fyrsta námskeiðið var haldið vorið 1892 og tóku fimm nemendur próf að því loknu. Þeir munu hafa verið fyrstu nemendurnir á Íslandi sem luku sérstöku kennaraprófi. Hugmyndum um sérstakan þriggja ára kennaraskóla var haldið á loft á þingi næstu misseri ásamt fleiri hugmyndum um tilhögun kennaranámsins.

Haustið 1896 var hrundið af stað kennaradeild við Flensborgarskóla og skyldi kennslan standa yfir í sjö og hálfan mánuð. Frumvörp um sérstakan kennaraskóla voru lögð fram næstu árin, ýmist þess efnis að byggja skyldi kennaraskóla á kennaradeildinni í Flensborg eða setja á stofn nýjan kennaraskóla í Reykjavík. Árið 1907 var ákveðið að koma á fót kennaraskóla í Reykjavík. Síðasta starfsár kennaradeildarinnar í Flensborg var veturinn 1907 til 1908 en þá stunduðu 20 nemendur námið. Þau 17 ár sem kennaradeildin í Flensborgarskóla var starfrækt lauk 121 kennari prófi frá skólanum. Úr



*Bekkjarmynd frá því um 1896.*

gagnfræðadeildinni í Flensborg útskrifuðust 122 piltar og fimm stúlkur á árunum 1882 til 1902.

Nemendafjöldi í Flensborgarskóla var svipaður fyrstu áratuginu sem skólinn starfaði, 20 til 30 nemendur í gagnfræðanámi. Um og upp úr aldamótunum 1900 fór nemendum að fjölga og



*Flensborg. Á myndinni sést nýja skólahúsið frá 1906.*

Þá fór að þrengjast í húsnæði skólans. Til að byrja með hafði skólinn ekki afnot nema af hluta Flensborgar-hússins því sýslumaður bjó þar og hafði þar skrifstofu. Skólastjórinn fékk einnig íbúð í húsinu. Árið 1884 var húsið stækkað og settir á það kvistir beggja vegna. Sýslumaður flutti úr húsinu árið 1887 og þá var íbúð hans breytt í heimavist. Þegar barna-skólinn flutti í annað húsnæði 1895 var heimavistin stækkuð og rúmaði þá 12 til 14 nemendur. Þetta var samt sem áður ekki nóg og því var ráðist í að byggja sérstakt skólahús við hliðina á gamla húsinu. Nýja húsið var reist sumarið 1906 en gamla húsinu var þá öllu breytt í heimavist fyrir utan íbúðina þar sem skólastjórinn bjó áfram. Í nýja skólahúsinu voru þrjár kennslustofur og kennarastofa.

Séra Þórarinn Böðvarsson lést árið 1895, rúmlega sjötugur en árinu áður hafði Þórunn kona hans látist, 77 ára að aldri.

Frú Þórunn var fyrirtak kvenna að gáfum og mannkostum. Hún var hvers manns hugljúfi, er henni kynntist. Með ágætri hússtjórn átti hún sinn þátt í að gera garð þeirra hjóna frægan, og ástrík móðir var hún þeirra mörgu fósturbarna sem sinna eigin barna, en hjálpssemi og alúð við bágstadda óþreytandi.<sup>10</sup>

Um hlut þeirra hjóna til íslenskra skólamála segir Guðni Jónsson:

Það er víst, að minning síra Þórarins Böðvarssonar og konu hans mun lengi uppi vera, en jafnvíst er hitt. Að það er Flensborgarskólinn, sem fremur öðrum góðum og mætum verkum þeirra mun bera þeim vitni meðal komandi kynslóða. Með stofnun hans reistu þau

<sup>10</sup> Guðni Jónsson, *Minningarrit Flensborgarskólans 1882–1932*, s. 36.

sér fágætan og einstakan minnisvarða, sem seint fyririst. Svo eru þau verk, sem unnin eru af mestri óeigingirni og ást á góðu málefni.<sup>11</sup>

## ***Gagnfræðaskóli 1904–1951***

Á Alþingi árið 1907 voru samþykkt lög um skólaskyldu íslenskra barna. Þá var jafnframt



komið á fót embætti fræðslustjóra og var Jón Þórarinsson, skólastjóri Flensborgar, ráðinn í það embætti eins og fyrr er sagt. Veturinn 1907 til 1908 dvaldi Jón erlendis og kynnti sér skólamál en séra Magnús Helgason tók við stjórn Flensborgar-

*Grafreitir séra Þórarins, Þórunnar og Böðvars í Garðakirkjugarði.*

skólans á meðan. Jón lét síðan formlega af skólastjórninni sumarið 1908 og þá lét séra Magnús einnig af störfum við skólann en tók við skólastjórn í hinum nýstofnaða kennarskóla í Reykjavík. Ögmundur Sigurðsson, sem verið hafði kennari við Flensborg um hríð, var ráðinn skólastjóri í staðinn. Ögmundur var fæddur árið 1859. Hann var gagnfræðingur frá Möðruvallaskóla en hafði jafnframt stundað nám í kennarskólum erlendis. Hann lést árið 1937.

Gagnfræðaskólinn í Flensborg var tveggja vetra skóli og starfaði frá 1. október til marsloka ár hvert. Kennaradeild skólans hafði verið starfrækt mánuði lengur meðan hún var og eins var skólaveturinn mánuði lengri í Möðruvallaskóla sem þá hafði flutt til Akureyrar.



*Ögmundur Sigurðsson.*

<sup>11</sup> Guðni Jónsson, *Minningarrit Flensborgarskólans 1882–1932*, s. 36.

Ögmundur gekkst fyrir því að skólatíminn í Flensborg var lengdur um einn mánuð frá árinu 1911. Ári síðar var skólinn gerður að þriggja vetra skóla og útskrifuðust fyrstu nemendurnir eftir þriggja ára gagnfræðanám 1914. Þetta var meðal annars gert til að auðvelda nemendum að þreyta inntökupróf í Menntaskólann í Reykjavík.

Árið 1930 voru samþykkt lög um gagnfræðaskóla og hafði það í för með sér að ríkið og Hafnarfjarðarbær tóku í sameiningu við rekstri Flensborgarskólans sem fram að þessu hafði verið sjálfseignarstofnun. Samhliða þessu varð einnig breyting á skólanefndinni og um það var samið að eigur gamla skólans skyldu renna í sérstakan sjóð til minningar um séra Þórarin og Þórunni. Í reglugerð um sjóðinn segir að verja skuli 4/5 hlutum af árlegum tekjum hans til að efla skólahald í gagnfræðaskólanum. Ekki skyldu þó greidd þau útgjöld sem samkvæmt lögum átti að greiða af opinberu fé. Gert var ráð fyrir því að byggja nýtt húsnæði yfir skólann en jafnframt ákveðið að hann skyldi áfram heita Flensborgarskóli þótt nýja skólabyggingin risi annars staðar í bænum. Þar til nýja byggingin yrði að veruleika fékk skólinn að vera áfram í gamla skólahúsinu þótt það væri fyrir löngu orðið alltof lítið. Sumarið 1930 skemmdist gamla Flensborgarhúsið í eldi, svo mikið að ekki þótti ráðlegt að gera við það. Heimavistin, sem þar hafði verið til húsa, féll því niður. Var nú farið að huga að byggingu nýs skólahúss og því valinn staður fyrir ofan Brekkugötu, á Hamarskotstúninu. Allnokkur tími leið þó þar til húsið reis.

Vorið 1930 sagði Ögmundur Sigurðsson af sér sem skólastjóri. Var þá leitað til séra Sveinbjarnar Högnasonar á Breiðabólstað í Fljótshlíð. Hann féllst á að taka við stjórn skólans




Séra Sveinbjörn Högnason.

með því skilyrði að hann fengi með sér Lárus Bjarnason sem þá starfaði sem kennari á Akureyri. Sveinbjörn gegndi þó skólastjórastöðunni aðeins í eitt ár en þá var hann kosinn á þing. Lárus Bjarnason var þá ráðinn skólastjóri og gegndi hann því starfi í áratug. Lárus var fæddur 1876, var gagnfræðingur frá Möðruvallaskóla og kennaramenntaður frá Flensborg. Einnig hafði hann stundað nám við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn. Lárus lést árið 1956.

Teikningar af hinu nýja skólahúsi Flensborgar, eftir Guðjón Samúelsson, voru tilbúnar 1935. Hafist var handa við bygginguna þá um haustið og var hún tilbúin fyrir skólabyrjun árið 1937. Nýja Flensborgarhúsið þótti mikið stórhýsi á

þessum tíma. Það var 500m<sup>2</sup> að grunnfleti. Fimm kennslustofur voru í húsinu og smíðastofa í kjallara. Ellefu tveggja manna herbergi voru á efri hæð í norðurálmu og var þar heimavist.

Efri hæð í austurálmum hósti Bókasafn Hafnarfjarðar. Iðnskóli Hafnarfjarðar fékk afnot af húsinu síðdegis og á kvöldin og Iðnaðarmannafélag Hafnarfjarðar fékk að nota stóra stofu fyrir starfsemi sína. Þá voru einnig í húsinu íbúðir skólastjóra og húsvarðar og mötuneyti fyrir heimavistarnemendur. Fyrsta veturinn, sem skólinn starfaði í nýja húsnæðinu, voru nemendurnir 119.



*Lárus Bjarnason (málverk eftir Örlyg Sigurðsson).*

Sumarið 1941 hætti Lárus Bjarnason sem skólastjóri, vegna aldurs, en við tók Benedikt Tómasson lækni. Hann var fæddur 1909, var stúdent frá Akureyri og lauk læknaprófi 1938. Benedikt gegndi starfi skólastjóra til 1956. Í hans tíð var aukið við kennslu í verklegum greinum með því að taka upp kennslu í matreiðslu og bókbandi og auka kennslu í handavinnu. Á móti var tímum í stærðfræði og erlendum málum fækkað og kennsla í eðlisfræði lögð af hjá stúlkum. Heimavistin var lögð niður 1944 og henni breytt í kennslustofur. Mötuneyti heimavistarinnar var breytt í kennslueldhús. Haustið 1943 var farið að greina að námsefni í hverjum árgangi og þeim skipt í A og B bekki. Námið í A og B bekkjum var með nokkuð ólíku sniði og var þá dregið úr bóklegu námi í B bekk en aukið við verklegar greinar.

Nemendum var síðan skipt niður í þessa bekki eftir því sem við þurfa þótti.

Árið 1946 voru ný lög um skólaskipan á Íslandi samþykkt á Alþingi. Um var að ræða lagabálk; lög um skólakerfi og fræðsluskyldu, lög um barnafræðslu, lög um gagnfræðaskóla og lög um menntaskóla. Skólaskylda var lengd um eitt ár (til 15 ára aldurs), tvö síðustu ár skólaskyldunnar áttu að vera í unglingskóla, miðskóli skyldi vera þrjú ár en gagnfræðaskóli fjögur. Menntaskólar skyldu vera fjögur ár og voru þá gagnfræðadeildir þeirra lagðar niður.



*Skólahúsið frá 1937.*

Komið var á fót landsprófi miðskóla sem halda mátti í öllum miðskólum og gagnfræðaskólum og þeir nemendur, sem hugðust fara í menntaskóla, gátu þreytt prófið.

## *Unglinga- og gagnfræðaskóli 1948–1977*

Haustið 1948 settust 73 nemendur í 1. bekk unglíngadeildar en 53 nemendur í 1. bekk gagnfræðaskólans. Þetta var talsverð aukning frá því árinu áður og var nú svo komið að skólinn rúmaði ekki þennan fjölda en nemendur voru í heild 243. Gripið var til þess ráðs að kenna 1. bekk unglíngadeildar í barnaskólanum. Kennarar Flensborgarskólans þurftu því að fara á milli húsa en kennarar barnaskólans önnuðust þó nokkra kennslu í unglíngadeildinni. Þessi tilhögun var höfð á til ársins 1952. Í nýju fræðslulögunum frá 1946 var gert ráð fyrir að gagnfræðaskólum væri skipt í bóknámsdeild og verknámsdeild og var sú skipting tekin upp í



*Benedikt Tómasson.*

Flensborg haustið 1948. Í 4. bekk gagnfræðanámsins var eingöngu verknámsdeild en flestir bóknámsdeildarnemendur tóku landspróf upp úr 3. bekk. Haustið 1955 sóttu aðeins 10 nemendur um nám í 4. bekk gagnfræðaskólans og var þeim komið fyrir í skólum í Reykjavík því ekki þótti taka því að kenna svo fáum nemendum. Vorið 1956 voru því engir gagnfræðingar útskrifaðir frá Flensborg.

Benedikt Tómasson skólastjóri fékk leyfi skólaveturinn 1955 til 1956 og var Ólafur Þ. Kristjánsson kennari settur skólastjóri þann vetur. Benedikt sagði starfi sínu lausu þá um vorið og var þá skólastjórastarfið auglýst. Ólafur Þ. Kristjánsson var síðan ráðinn skólastjóri Flensborgar. Hann var fæddur 1903 og lauk kennaraprófi 1928. Ólafur kenndi við Barnaskóla Hafnarfjarðar frá 1929 en nokkru síðar varð hann einnig stundakennari við Flensborg. Árið 1945 var hann fastráðinn kennari við Flensborgarskólann og skólastjórastarfinu gegndi hann til 1972. Ólafur lést árið 1982.



*Ólafur Þ. Kristjánsson.*

Á árunum um og upp úr miðri 20. öld jókst nemendafjöldinn í Flensborg mjög hratt. Skólaárið 1957 til 1958 voru bekkjardeildir orðnar 14 og var þá gripið til þess ráðs að tvísetja skólann. Árið 1958 var Bókasafn Hafnarfjarðar flutt úr Flensborg og þá fékk skólinn einnig full umráð yfir stofu Iðnaðarmannafélagsins. Sú stofa var gerð að kennarastofu en húsnæðinu, sem bókasafnið hafði haft, var breytt í tvær kennslustofur. Almennar kennslustofur voru þá orðnar níu auk sérstakrar teiknistofu.

Þegar hér var komið sögu fóru menn að huga að stækkun skólans. Teikningar að viðbyggingu voru tilbúna í ársbyrjun 1962. Á sama tíma komu upp hugmyndir um að flytja unglिंगadeildir og 1. og 2. bekk gagnfræðaskólans í barnaskólann og hafa þannig allt skyldunám undir sama þaki. Fyrirhugaðri stækkun Flensborgar var frestað og haustið 1963 var komið á fót unglिंगadeild í Barnaskóla Hafnarfjarðar sem þá var reyndar farið að kalla Lækjarskóla. Hluti af nýjum árgöngum hélt þó áfram að koma í Flensborg til ársins 1966 en þá var Öldutúnsskóli kominn með unglिंगadeild.

Árið 1966 var komið á fót svokölluðum framhaldsbekk, eins konar millibekk milli 2. og 3. bekkjar fyrir þá nemendur „sem ekki höfðu náð þeim einkunnum við unglिंगapróf, að sæmilegt þætti til náms í fullgildum III. bekk“. <sup>12</sup>Upp úr þessum bekk gátu nemendur farið beint í 4. bekk en fleiri fóru þó í 3. bekk. Sérstök verslunardeild hafði verið tekin upp árið 1964.

Í lok 7. áratugarins var komið á samræmdu gagnfræðaprófi í landinu í ákveðnum námsgreinum og það gert jafngilt landsprófi. Árið 1969 var farið að koma á fót svokölluðum framhaldsdeildum í gagnfræðaskólum og var hafin kennsla í framhaldsdeild í Flensborg haustið 1970. Með grunnskólalögum frá 1974 var lögfest að í stað barna- og gagnfræðaskóla skyldi koma samfelldur níu ára skóli.

Allar þær breytingar, sem urðu á fyrirkomulagi skólahalds á þessum árum, leiddu til þess að menn fóru að velta fyrir sér stöðu og hlutverki Flensborgarskólans. Talsverður áhugi var fyrir því að gera skólann að hefðbundnum menntaskóla samhliða efstu bekkjum gagnfræðanámsins. Árið 1964 samþykkti fræðsluráð að fara af stað með viðbyggingu við skólann en jafnframt segir í samþykkt fræðsluráðs:

Fræðsluráð telur að hefja beri undirbúning að stofnun menntaskóla í Hafnarfirði og beinir því til bæjarstjórnar að þegar verði leitað eftir stuðningi frá ríkisstjórn við málið. Verði stefnt að því að kennsla í neðri bekkjum menntaskólanáms geti hafist hér sem fyrst. — Fræðsluráð telur æskilegt að menntaskóli verði í Flensborgarskóla til afnota á mótí gagnfræðastiginu. Síðar myndi menntaskólinn fá allt húsrými Flensborgar til umráða, eftir því sem nemendum fjölgaði. Gagnfræðanámið myndi þá með tímanum flytjast í annað húsnæði sem annað hvort yrði nýr gagnfræðaskóli eða Lækjarskóli, sem til greina kemur að nota sem gagnfræðaskóla síðar.<sup>13</sup>


<sup>12</sup> Kristján Bersi Ólafsson, *Flensborgarskólinn í hundrað ár*, s. 48.

<sup>13</sup> Kristján Bersi Ólafsson, *Flensborgarskólinn í hundrað ár*, s. 50.

Í mars árið 1971 veitti menntamálaráðuneytið Flensborgarskóla leyfi til að hefja kennslu í námsefni 1. bekkjar menntaskóla sem hófst þá um haustið. Á þessum tíma sótti enn þá nokkur hluti unglunga í bænum nám í 2. bekk unglíngastígsins í Flensborg en þeim fækkaði smátt og smátt þegar unglíngastígið færðist yfir í grunnskólana. Síðasta unglíngaprófið var tekið í Flensborg vorið 1973.

Ólafur Þ. Kristjánsson lauk störfum sínum sem skólastjóri vegna aldurs 1972. Var þá Kristján Bersi Ólafsson ráðinn skólastjóri. Hann var fæddur 1938, lauk stúdentsprófi frá MR og lagði síðan stund á trúarbragðasögu og þjóðfræði í Stokkhólmi. Kristján Bersi starfaði sem blaðamaður en var samhliða því starfi stundakennari við Flensborg frá 1963 og fastráðinn kennari þar frá 1970.

Í byrjun áttunda áratugarins voru gerðar breytingar á námsskipan í 3. bekk gagnfræðastígsins og síðar 4. bekk. Voru þá tekin upp svokölluð kjörsvið, nema í landsprófsbekkjum, þar sem nemendur gátu valið sér greinaflokkka til viðbótar skyldugreinum. Var þessu síðan breytt þannig að í stað greinaflokka komu óbundnar valgreinar. Gagnfræðadeildirnar störfuðu til 1977. Nýju grunnskólalögin frá 1974 gerðu ráð fyrir að í stað landsprófs og gagnfræðaprófs kæmi grunnskólapróf úr 9. bekk. Þótt búið væri að breyta Flensborgarskóla í framhaldsskóla hélt 9. bekkur í Hafnarfirði áfram að vera þar til 1980 og nemendur úr Vídistaðaskóla árinu lengur.



*Kristján Bersi Ólafsson.*

### ***Fjölbrautaskóli frá 1974***

Haustið 1971 stunduðu 36 nemendur nám í menntadeild Flensborgar en 38 nemendur voru í framhaldsdeild. Heildarnemendafjöldi í skólanum var um 500. Nemendum hafði fjölgað hratt á þessum tíma og var orðið þröngt í skólanum. Brugðið var á það ráð að taka á leigu efstu hæðina í húsi Dvergs á horni Brekkugötu og Lækjargötu og innrétta hana sem skólahúsnæði. Þar voru síðan kenndar ákveðnar greinar.

Um þetta leyti komu fram á sjónarsviðið nýjar hugmyndir um skipulag framhaldsskóla. Hugnaðist mönnum frekar að skólar ættu að vera hvort tveggja í senn, almennir og sérhæfðir, og gætu brautskráð nemendur af mismunandi námsbrautum eftir mislangt nám. Slíkir skólar fengu nafnið fjölbrautaskólar. Bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði fannst henta betur að koma á fót

fjölbrautaskóla í bænum í stað aðskilinna sérskóla. Haustið 1972 óskaði fræðsluráð eftir því við menntamálaráðuneytið að Flensborg yrði breytt í fjölbrautaskóla. Menntamálaráðuneytið var fylgjandi þessum hugmyndum og gaf skólanum leyfi til að auka við menntadeildina um einn bekk á ári meðan beðið var eftir þeim lagabreytingum sem til þyrfti. Samningur um að Flensborgarskólinn yrði fjölbrautaskóli var tilbúinn 1974 en var þó ekki undirritaður fyrr en 22. apríl 1975. Þar segir meðal annars:

1. gr.

*Flensborgarskóli skal starfa sem fjölbrautaskóli frá 1. sept. 1974 samkvæmt ákvæðum laga nr. 14/1973, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða í 8. gr. þessa samnings.*

2. gr.

*Skólinn skal gefa nemendum kost á fjölbreyttu samvali bóklegra og verklegra námsgreina, er myndi mismunandi námsbrautir í samræmi við meginmarkmið skólans. Stefnt skal að því að í skólanum verði gefinn kostur á námi í eftirtöldum námsbrautum:*

1. Menntaskólabraut.

2. Tæknibraut.

3. Viðskiptabraut.

4. Félagsfræðibraut.

5. Heimilisfræðibraut.

6. Myndlista- og handíðabraut.

7. Iðnaðar- og iðjubraut í samvinnu við Iðnskólann í Hafnarfirði.

*Gert skal ráð fyrir mislögum námsferli innan hvernar námsbrautar, þannig að nemendur eigi þess kost á hverju námsári að ljúka skilgreindu námi, er veiti þeim tiltekin réttindi eða tiltekna starfshæfni, og enginn þurfi að hverfa frá hálfloknu námi.<sup>14</sup>*

Í öðrum greinum samningsins er fjallað um að skólinn heyri undir menntamálaráðuneytið sem skipi eða setji uppeldislega starfsmenn að uppfylltum þeim skilyrðum og kröfum sem gerðar eru en Hafnarfjarðarbær sjái um ráðningu annarra starfsmanna. Þá eru ákvæði um

---

<sup>14</sup> Kristján Bersi Ólafsson, *Flensborgarskólinn í hundrað ár*, s. 58.

kostnaðarskiptingu milli ríkis og Hafnarfjarðarbæjar. Menntamálaráðuneytið skyldi setja skólanum námsskrá og reglugerð í samráði við skólanefnd. Áttunda grein sammingsins er bráðabirgðaákvæði um skiptingu rekstrarkostnaðar milli ríkis og bæjar meðan enn er starfræktur hluti grunnskóla í Flensborgarskóla og um sérstöðu Iðnskólans sem er ekki hluti fjölbrautaskólans.

Samhliða samningnum var samið um kostnaðarskiptingu milli ríkis og bæjar vegna nýbyggingar sem byrjað var að byggja 1972 en lauk 1975. Nýja byggingin var tvöfalt stærri en gamla skólahúsið og var það mikil bót fyrir allt skólastarf í Flensborg.

Strax eftir undirritun sammingsins var staða skólameistara auglýst laus. Aðeins Kristján Bersi Ólafsson skólastjóri sótti um og var honum veitt staðan. Skólaslit vorið 1975 voru með sérstökum hátíðarbrag en þá voru fyrstu nemendur Flensborgarskóla brautskráðir með stúdentspróf. Þáttaskil höfðu orðið í sögu skólans.

Um sumarið voru auglýstar kennarastöður við fjölbrautaskólann og sama haust hóf Fjölbrautaskólinn í Breiðholti einnig starfsemi sína. Kennarar þessara tveggja skóla voru fyrstir til að fá starfsheitið fjölbrautaskólakennari. Í fyrstu var kennsla í menntadeildinni sniðin að námstilhögun Menntaskólans við Tjörnina. Námið í 1. bekk var hið sama hjá öllum en skiptist svo í 2. bekk í málabraut og raungreinabraut. Á þriðja námsári skiptist raungreinabrautin í náttúrufræðabraut og eðlisfræðibraut. Stúdentar útskrifuðust síðan af þremur brautum: málabraut, náttúrufræðabraut og eðlisfræðibraut.



*Fyrsti stúdentahópurinn brautskráðist 1. júní 1975.*

Vorið 1975 héldu kennarar Flensborgarskólans ráðstefnu um breytt hlutverk skólans og kennslutilhögun og um veturinn var unnið að hugmyndum um skipulag skólans á nýjum grundvelli. Fastmótaðar hugmyndir þar um voru tilbúnar um áramótin 1975–1976. Þær voru síðan ræddar og kynntar skólayfirvöldum. Tillögurnar voru gefnar út í sérstakri bók, er bar heitið *Áfangalýsingar*, vorið 1976. Í formála bókarinnar segir:

Þessum bæklingi er ætlað að veita upplýsingar um nýtt námskerfi, sem tekið verður upp í Flensborgarskólanum haustið 1976. Það er áfangakerfi, um flest svipað því sem notað hefur verið í Menntaskólanum við Hamrahlið undanfarin ár, en þó frábrugðið því um sumt. ... Að sjálfsögðu verður reynslan að skera úr því hvernig til tekst með þessa breytingu sem nú er verið að gera á námi í Flensborgarskólanum. En að áliti okkar sem fyrir henni stöndum hefur áfangakerfi verulega kosti fram yfir bekkjarkerfi, þótt það hafi auðvitað ýmsa galla líka. Það er fyrst og fremst undir framkvæmdinni komið hvernig tekst að sneiða hjá göllum svo að kostirnir fái notið sín.<sup>15</sup>

Hið nýja kerfi var tekið upp haustið 1976 og náði það til að byrja með til allra nýnema og þeirra sem lokið höfðu 1. bekk í menntadeildinni. Í 6. bekk framhaldsdeildar og 3. og 4. bekk menntadeildar var áfram stuðst við gamla kerfið. Gagnfræðapróf var síðast þeytt við skólann 1977 en 9. bekkur grunnskóla var áfram í skólanum í nokkur ár til viðbótar. Frá árinu 1981 hefur Flensborgarskólinn eingöngu verið framhaldsskóli.

Á þessum tíma fjölgaði fjölbrautaskólum í landinu. Fjölbrautaskóli Suðurnesja tók til starfa haustið 1976 og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti tók á sama tíma upp áfangakerfi. Skólameistarar þessara þriggja skóla voru í samstarfi um námsskipulagið, sérstaklega þó Fjölbrautaskóli Suðurnesja og Flensborg en Fjölbrautaskólinn í Breiðholti fór í ýmsu aðrar leiðir. Hver skóli um sig gaf út nýjan námsvísi vorið 1977 og nefndist bók Flensborgarskóla *Leiðarhnoð*. Fjölbrautaskólinn á Akranesi bættist í hóp fjölbrautaskóla haustið 1977 og hann, ásamt Menntaskólanum í Hamrahlið, tók upp samstarf við hina áfangakerfisskólana. Samræming skólanna var höfð að leiðarljósi en náði ekki fram að ganga. Þrír skólanna, Flensborg og skólarnir á Suðurnesjum og Akranesi, ákváðu að gefa út sameiginlegan námsvísi, *Námsvísi fjölbrautaskóla*, haustið 1978. Þetta varð til þess að ýmsu var breytt í námsfyrirkomulagi Flensborgarskólans þótt grundvallaratriði áfangakerfisins væru óbreytt. Þær nýjungar höfðu

---

<sup>15</sup> Kristján Bersi Ólafsson, *Flensborgarskólinn í hundrað ár*, s. 67 og 69.

verið teknar upp nokkru áður að bjóða upp á uppeldisbraut og fiskvinnslubraut við skólann í samstarfi við Fiskvinnsluskólann. Tölvuvinnsla á stundatöflum var tekin í notkun 1978 og létti það þá vinnu umtalsvert enda þarf að sníða stundatöflur að hverjum og einum nemanda í fjölbrautakerfinu.

Lengi framan af sá skólastjóri einn um þau störf sem lutu að stjórn Flensborgarskólans. Þegar fjölga tók í skólanum upp úr miðri 20. öld þótti sýnt að fleiri þyrftu að koma að málum. Árið 1958 var því ráðinn yfirkennari við skólann og gegndi Stefán Júlíusson því starfi til 1963. Þá var Hörður Zophaníasson yfirkennari til 1970. Snorri Jónsson var ráðinn yfirkennari í stað Harðar og gegndi hann því starfi þar til það var lagt niður árið 1981. Yfirkennarastarfið var bundið við gagnfræðaskóla og grunnskóla og þegar 9. bekkur hvarf frá skólanum var starfið endanlega úr sögunni.

Ný stjórnunarstörf urðu til þegar skólanum var breytt í framhaldsskóla og haustið 1979 var Arnaldur Árnason ráðinn aðstoðarskólameistari til fimm ára. Haustið 1971 hafði í fyrsta sinn verið ráðinn ritari á skrifstofu skólans í hálfu starf sem síðan var aukið í fulla stöðu 1974. Úr hópi kennara voru ráðnir faglegir deildarstjórar frá 1975.

Vorið 1978 var fyrsti stúdentinn eftir áfangakerfinu útskrifaður frá Flensborg. Hann var sá eini en hinir 36 sem útskrifuðust voru síðustu stúdentarnir sem luku prófi úr bekkjakerfinu. Í desember sama ár voru í fyrsta sinn brautskráðir stúdentar að vetri til og höfðu þeir allir flýtt námi sínu um hálfu ár.



*Arnaldur Árnason.*

Þegar hér var komið sögu var öll mötuneytisaðstaða í Flensborg í skötulíki. Það var því mikið keppikefli fyrir nemendur og starfsfólk skólans að úr því yrði bætt. Leitað var til bæjaryfirvalda og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar var lögð fram ályktunartillaga en þar segir meðal annars:

Í framhaldi af þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í Flensborgarskóla, í þeim tilgangi að gera nemendum kleift að kaupa sér næringu í skólanum, ályktar bæjarstjórn, að stefnt skuli að því að auka og bæta við þá aðstöðu, sem þar er nú fyrir hendi í þessu efni, með það markmið í huga, að nemendur geti átt þess kost að fá keyptan hollan mat í skólanum. Skal að því stefnt, að þetta komist í framkvæmd eigi síðar en í byrjun vorannar 1980.<sup>16</sup>

<sup>16</sup> Emil Lárus Sigurðsson, „Mötuneyti framhaldsskóla,“ *Morgunblaðið* s. 8.



*Fyrsti stúdentahópurinn sem útskrifaðist samkvæmt áfangakerfinu í desember 1978.*

Bæjaryfirvöld drógu þó lappirnar um sinn en í byrjun níunda áratugarins var útbúin mötuneytisaðstaða fyrir nemendur í kjallara gamla skólans, þar sem smíðastofa hafði verið áður, og starfskraftar ráðnir til að sjá um hana í samvinnu við nemendafélagið. Þetta mötuneyti var starfrækt allt þar til sameiginlegt mötuneyti nemenda og kennara var tekið í gagnið í nýrri byggingu árið 2006. Þegar fyrri nýbyggingin var tekin í notkun 1975 var kennarastofan færð á neðstu hæð hennar og þar innréttað eldhús og mötuneytisaðstaða fyrir kennara. Meðan kennarastofan var enn í skólahúsinu frá 1937 tíðkaðist ekki kaffidrykkja þar nema í löngu frímínútunum þegar best lét. Þegar komið var fram á sjöunda áratuginn sá kona húsvarðarins, sem þá bjó í íbúð í kjallara skólans, um að laga kaffi og koma með það á brúsum á tilsettum tíma. Síðan var keypt brauðrist og gátu kennarar þá fengið sér ristað brauð með osti og marmelaði en fyrir það þurfti að greiða.

Eftir að mötuneyti fyrir kennara var komið upp í viðbyggingunni voru ráðnar til starfa „matmæður“ sem elduðu afbragðsgóðan heimilismat fyrir starfsfólk. Þar var einnig nýlagað kaffi í boði frá morgni og fram eftir degi.

Vorið 1982 voru liðin 100 ár frá stofnun Flensborgarskólans. Útskrift var því með glæsilegra móti og bárust skólanum góðar gjafir frá bæjaryfirvöldum, menntamálaráðuneyti og fleirum. Þá var sett upp sögusýning um skólann og fyrrverandi teiknikennarar héldu myndlistarsýningu. Við útskrift urðu þau tímamót að nemendur úr Garðaskóla tóku að ljúka stúdentsprófi frá Flensborg. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að þessir nemendur luku fyrstu tveimur árum framhaldsskólanáms í Garðaskóla en kláruðu síðan það sem upp á vantaði í Flensborg og útskrifuðust með stúdentspróf þaðan. Þessi tilhögun hélst þar til Fjölbrautaskólinn í Garðabæ var stofnaður árið 1984.

Um haustið 1982 var tekin upp sú nýbreytni að bjóða upp á nám í öldungadeild við skólann.

Í fyrstu verða kenndir byrjunaráfangar í almennum bóknámsgreinum og sérgreinum viðskiptabrautar og heilsugæslubrautar. Kennsla í öldungadeild fer fram síðdegis og á kvöldin og eru kennslustundir þar færri en í dagskólanum í hverjum áfanga.<sup>17</sup>

Um 80 nemendur stunduðu nám við öldungadeildina fyrsta veturinn og var deildin starfrækt til ársins 2000.

Í ársbyrjun 1986 var ákveðið að gera átak í tölvumálum í hafnfirskum skólum. Þá hafði



aðeins einn grunnskóli komið sér upp tölvum og hafið tölvukennslu. Bæjaryfirvöld ákváðu að verja 700 þúsund krónum til tölvukaupa í grunnskólum og ein milljón var sett í verkefnið í Flensborg. Þar

skyldi komið upp tölvu-  
veri sem nýta skyldi til  
kennslu, sérstaklega fyrir  
nemendur á viðskipta-  
braut. Nokkur fækkun  
nemenda hafði orðið í  
Flensborgarskólanum á  
þessum tíma og voru  
tölvukaupin meðal annars



Útskrift vorið 1987.

liður í því að laða nemendur að skólanum.

Við útskrift vorið 1987 var óvenju gott veður og var þá ákveðið að útskriftarathöfnin færi fram undir berum himni. Ræðupúlti og stólum var komið fyrir í hvamminum milli Flensborgar og Hamarsins. Þar fór athöfnin fram og útskrifuðust 45 ný-stúdentar. Þetta mun vera í eina skiptið sem slíkt hefur verið gert úti í guðs grænni náttúrunni.

<sup>17</sup> *Morgunblaðið* (26. maí 1982), s. 25.

Þegar skólanum var slitið á vordögum 1988 voru kynnt ákvæði í erfðaskrá Önnu Jónsdóttur ljósmyndara sem dáíð hafði árinu áður, um að hún gæfi til stofnunar styrktarsjóðs andvirði húseignar að Austurgötu 28 í Hafnarfirði. Styrktarsjóður þessi, sem helgaður var minningu föður hennar, Jóns Þórarinssonar, fyrsta skólastjóra Flensborgarskólans, skyldi styrkja efnilega stúdenta frá Flensborgarskólanum til framhaldsnáms. Var styrktarsjóðurinn nefndur *Fræðslusjóður Jóns Þórarinssonar* og var úthlutað úr honum í fyrsta skipti á hundrað ára afmæli Önnu þann 16. desember 1992.

Árið 1995 var hrint af stað tilraunaverkefni þar sem Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði var gerður að sjálfstæðri deild innan Flensborgarskólans. Fiskvinnsluskólinn hafði verið stofnaður 1971 en 1995 var námið endurskipulagt og útskrifuðust nemendur þá sem fiskiðnaðarmenn. Starfsemi Fiskvinnsluskólans fór fram í eigin húsnæði á Hvaleyrarbraut og lögð var áhersla á sjálfstæði skólans. Þeir sem luku námi þar eftir fjórar annir gátu síðan haldið áfram á sérstakri framhaldsbraut í Flensborg til stúdentsprófs. Starfsemi fiskvinnsluskólans var hætt árið 2001.

Haustið 1998 fékk Kristján Bersi skólameistari leyfi frá störfum til að vinna að ritun ævisögu Jóns Þórarinssonar og um vorið 1999 lét hann formlega af embætti. Við skólameistarastöðunni tók Einar Birgir Steinþórsson sem verið hafði aðstoðarskólameistari og gegnt stöðu skólameistara veturinn áður í leyfi Kristjáns Bersa. Einar Birgir er fæddur 1957, lauk stúdentsprófi frá MA og er með kennarapróf frá Kennaraháskóla Íslands en lauk síðan



*Einar Birgir Steinþórsson.*

cand.mag.-prófi í uppeldis- og félagsfræði frá Óslóarháskóla 1984. Hann starfaði sem grunn- og framhaldsskólakennari í Vestmannaeyjum frá 1984 til 1989 en var ráðinn kennari við Flensborgarskólann 1989, aðstoðarskólameistari 1994 og síðan skólameistari.

Lengi vel tíðkaðist að stúdentahópar, sem áttu stúdentsafmæli, kæmu á útskriftir og færðu þeir skólanum gjarnan gjafir. Við skólaslit 1998 kom hópur fólks sem útskrifast hafði tuttugu árum áður. Hann færði skólanum óvenjulega gjöf. Hópurinn vildi koma af stað byltingu í tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Skipa skyldi ráð eða verkefnastjórn sem hefði það verkefni að fá fyrirtæki til samstarfs við skólann um uppbyggingu tölvu- og upplýsingakerfi hans. Nýr tölvubúnaður var síðan tekinn í notkun við skólann í ársbyrjun 2000 sem samanstóð af tölvum, lögnum og tengi- og miðlunarbúnaði. Tölvutengingar voru lagðar í allar stofur og sett upp tvö tölvuver með 24 tölvum í hvoru um sig. Búnaðurinn og vinnan við

uppsetningu voru metin á um 20 milljónir. Að þessu tilefni sagði Einar Birgir skólameistari í blaðaviðtali:

... að það væri mikill fengur fyrir skólann að verða þessarar gjafar aðnjótandi, ekki síst fyrir þá sök að hér væri skólinn að komast í viðtækt samstarf við leiðandi fyrirtæki í í tölvu- og upplýsingaiðnaði. Hér væru að opnast miklir möguleikar fyrir stórukið námsframboð auk þess sem Flensborgarskólinn yrði í fremstu röð íslenskra framhaldsskóla hvað varðar nútíma búnað til kennslu. „En við munum samt halda áfram kennslu góðra klassískra fræða, á því verður engin breyting. Hér verða áfram sömu brautir og námsgreinar, þótt fleira bætist við og tæknin muni léttu nemendum og kennurum aðgang að ýmsum fróðleik.“<sup>18</sup>

Við innritun nýnema fyrir haustið 2001 bárust tvær umsóknir frá fötluðum einstaklingum sem þurftu á sérúrræðum að halda. Í samráði við menntamálaráðuneytið var ákveðið að setja á stofn starfsbraut innan skólans og var auglýst eftir sérkennurum til starfa. Starfsbrautin var svo formlega stofnuð haustið 2003 en þann vetur voru fimm nemendur í deildinni. Hefur deildin verið starfrækt allar götur síðan.

Nemendur Flensborgar, sem útskrifuðust árið 1977 og áttu 25 ára stúdentsafmæli 2002, á 120 ára afmæli skólans, stóðu fyrir stofnun Hollvinasamtaka Flensborgarskólans. Formlegur stofndagur var 1. október um haustið en þann dag var Flensborgarskólinn settur í fyrsta sinn árið 1882. Var félaginu ætlað að vera tengiliður gamalla nemenda við skólann en einnig stuðningsaðili.

Mikil endurskoðun varð á Flensborgarskólanum um aldamótin 2000. Ýmsar nýjungar komu til sögunnar og breytingar voru gerðar. Ný lög um framhaldsskóla höfðu verið sett vorið 1996 og ný námsskrá samþykkt. Í kjölfarið voru gerðar miklar umbætur á skipulagi námsins, eldri áfangar felldir út og nýir komu í staðinn og námsbrautir voru endurskipulagðar. Samhliða þessari endurskipulagningu voru endurbætur og lagfæringar gerðar á skólahúsnæðinu og aðstaða kennara og nemenda var bætt til muna.

Laust fyrir aldamótin 2000 hafði fjölgað ört í Flensborg og mikil þörf var á að auka við húsnæði skólans. Það var þó ekki fyrr en 2004 að stofnaður var starfshópur um stækkun skólans og sama ár var undirritaður samningur um byggingarframkvæmdir. Hin nýja bygging skyldi vera 2600 fermetrar á tveimur hæðum og hýsa meðal annars mat- og hátíðarsal nemenda, stjórnunarrými og fyrirlestrasal. Auk þessa skyldu kennarastofa, vinnurými og matsalur kennara vera í húsinu. Einnig var gert ráð fyrir rúmgóðu eldhúsi sem þjóna skyldi bæði

---

<sup>18</sup> *Fjarðarþósturinn* (06.05.1999), s.1.

nemendum og kennurum. Framkvæmdum lauk haustið 2006 og við það gjörbreyttist öll aðstaða í skólanum.

Viðamiklum framkvæmdum við viðhald og endurbætur á eldri húsum skólans, sem ákvarðaðar voru samfara nýbyggingu, lauk á haustmánuðum 2008. Allt húsnæði skólans hafði þá verið endurnýjað. Á þessum tíma höfðu nemendur skólans aldrei verið fleiri og við upphaf haustannar 2008 var 901 nemandi skráður til náms.

Upplýsinga- og fjölmiðladeild var sett á fót í Flensborg á útmánuðum 2003. Útbúið var sérhannað hljóð- og myndver fyrir hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingar og aðstaða til vinnslu með vefmiðla. Í skólaslitaræðu vorið 2004 sagði Einar Birgir skólameistari meðal annars um fjölmiðladeildina:

Við erum komin með mjög góða aðstöðu sem mun ekki bara nýtast þessu námi heldur einnig í framtíðinni á mörgum öðrum sviðum í skólastarfinu. Þessi aðstaða gefur okkur mikla möguleika. Enginn skóli í landinu hefur samsvarandi aðstöðu á þessu sviði.<sup>19</sup>

Fjölmiðladeildin naut nokkurra vinsælda í fyrstu meðal nemenda en var dýr í rekstri. Hún var lögð niður í lok árs 2013 en þá voru einungis fjórir nemendur á fjölmiðlabraut. Um svipað leyti var hætt að kenna matreiðslu og myndlist. Áður höfðu verklegar greinar svo sem smíðar lagst af og engar verklegar greinar voru því lengur kenndar við skólann. Nokkru síðar var þó aftur farið að kenna matreiðslu og myndlist og þá í breyttri mynd.

Haustið 2006 tók íþróttafrekssvið til starfa í Flensborgarskóla. Sviðið starfaði í náinni samvinnu við íþróttafélögin í bænum. Íþróttafélögin byggðu upp æfingaáætlanir fyrir nemendur sem voru síðan metnar inn í skólanámið. Skólinn bauð svo upp á kennslu í skyndihjálpi, næringarfræði og fleiru sem tengdist íþróttaiðkun. Íþróttafrekssvið naut mikilla vinsælda og óx hratt næstu árin.

Nemendur, sem stunda listnám í viðurkenndum listaskólum, hafa einnig getað fengið nám sitt metið og tengt það við námið á stúdentsbrautum skólans.

Þann 1. október 2010 hófst samstarfsverkefni Flensborgar og Lýðheilsustöðvar um *Heilsueflandi framhaldsskóla*. Undirbúningsvinna hafði farið fram skólaárið 2009 til 2010.

Verkefnið *Heilsueflandi framhaldsskóli* er víðtækt forvarnaverkefni, sem nær yfir fjögur ár í senn, þar sem lögð er áhersla á eitt málefni á hverju ári. Fyrsta árið næring, annað árið

---

<sup>19</sup> Einar Birgir Steinþórsson, Ræða við skólaslit vorið 2004.

hreyfing, síðan geðrækt og loks lífsstíll. Flensborgarskólinn fékk gullmerki verkefnisins fyrir næringarþáttinn strax við upphaf þess sem sýndi að skólinn uppfyllti öll viðmið sem lögð voru til grundvallar næringarþætti verkefnisins.

Í viðtali við *Fjarðarpóstinn* af þessu tilefni sagði Bryndís Jóna Jónsdóttir, mannauðsstjóri Flensborgar, meðal annars:

Með því að innleiða hugmyndafræði heilsueflandi framhaldsskóla sjáum við tækifæri til að efla nemendur og gera þá sterkari til að láta að sér kveða og lifa og starfa í síbreytilegu þjóðfélagi. Þannig komum við til móts við hlutverk okkar sem menntastofnunar og menntum nemendur okkar ekki aðeins í bóklegum greinum heldur einnig og ekki síður í þeirri lífsleikni sem æskilegt er að þeir hafi tileinkað sér.<sup>20</sup>

Einar Birgir skólameistari fjallaði um stöðu Flensborgarskólans í ársskýrslu fyrir árið 2012 og sagði þá:

Skólinn er í forustu íslenskra framhaldsskóla í forvörnum og áherslu á heilbriggt lífni. Skólinn er forustaskóli við innleiðingu á verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli í samvinnu við landlæknisembættið undir merkjum HOFF-samstarfsins. Skólinn vinnur mikla þróunarvinnu á þessu sviði og er í mikilvægu ráðgjafarhlutverki fyrir aðra framhaldsskóla sem í sama kjölfar sigla og skólinn í þessu verkefni.

Flensborgarskólinn er einnig í forustu við þróun náms fyrir nemendur sem stunda afreksíþróttir sem hluta af námi sínu í framhaldsskóla. Litið er til skólans varðandi þessa uppbyggingu, bæði frá öðrum framhaldsskólum sem og íþróttahreyfingunni.<sup>21</sup>

Í samstarfi við hlaupahóp FH og skokkhóp Hauka var *Flensborgarhlaupinu* hleypt af stokkunum þann 1. október 2011. Keppt var í tíu kílómetra vegalengd með löglegri tímatöku og þriggja kílómetra skemmtiskokki án tímatöku. Ríflega 200 manns á öllum aldri tóku þátt í þessu fyrsta hlaupi. Allar götur síðan hefur Flensborgarhlaupið verið hlaupið á afmælisdegi skólans ár hvert fyrir utan tvö ár í heimsfaraldri.

Á árinu 2008 hófst vinna við heildarendurskoðun á námskrá Flensborgarskóla í samræmi við ný lög um framhaldsskóla sem tóku gildi 1. ágúst 2008 og skyldu koma til framkvæmda smám saman á næstu þremur árum. Mikil vinna fór í að skilgreina áfanga og námsbrautir næstu árin og var ný skólanámskrá Flensborgar tilbúin haustið 2014. Námskrá skólans er þó stöðugt í endurskoðun og þróun.

<sup>20</sup> *Fjarðarpósturinn* (9. september 2010), s.10.

<sup>21</sup> Einar Birgir Steinþórsson, *Ársskýrsla* 2012, s. 17.

Árin, sem í hönd fóru, voru að mörgu leyti erfið og var þjóðin að glíma við afleiðingar fjármálakreppunnar, hrunsins, sem var mikið áfall fyrir Íslendinga, sem og aðrar vestrænar þjóðir. Kreppan, sem hófst árið 2008, hafði meðal annars mikil áhrif á skólastarf í landinu.

Í ársskýrslu Flensborgar fyrir árið 2012 segir Einar Birgir:

Aukinn almennur doði og áhugaleysi fyrir náminu hjá vissum hópi nemenda virðist fara vaxandi og sífellt erfiðara er að vinna með þann hóp. Bilið á milli þessa hóps og þess fjölmenna hóps sem vel gengur er að aukast. Staða þeirra sem eiga undir högg að sækja er mikið áhyggjuefni, ekki síst þar sem skólinn hefur á sama tíma ekki getað bætt við stoðþjónustu þessa hóps heldur þvert á móti þurft að draga úr henni vegna fjárhagsörðugleika ...

... Skólinn glímir við verulega fjárhagslega erfiðleika sem verður að finna lausn á. Á árinu 2012 byggðist sá vandi fyrst og fremst á tveimur þáttum, miklum rekstrarhalla starfsbrautar skólans og miklum kostnaði vegna veikindaforfalla kennara. Skólinn hefur lagt mikið í að byggja upp gott stoðkerfi fyrir nemendur. Sú staðreynd hefur leitt til þess að sífellt fleiri nemendur, sem eiga við einhverja erfiðleika að stríða, leita skólavistar. Mikið brottfall er úr þessum hópi sem aftur skapar rekstrarvanda. Þrátt fyrir einlægan vilja innan skólans þá eru heilsufarslegir erfiðleikar margra nemenda það miklir að skólinn hefur engin úrræði til að hjálpa þeim með fullnægjandi hætti þannig að þeir geti stundað nám.<sup>22</sup>



*Magnús Þorkelsson.*

Árið 2013 fór Einar Birgir Steinþórsson í launalaust leyfi og baðst síðan lausnar frá embætti skólameistara vorið 2014. Magnús Þorkelsson leysti Einar Birgi af 2013-2014 og var skipaður skólameistari þá um haustið. Hann var aðstoðar-skólameistari frá árinu 1998 auk þess að gegna stöðu skólameistari 2009-2010. Magnús er fæddur 1957, með BA próf frá Háskólanum í Nottingham og MA próf frá HÍ. Hann kenndi við Flensborg 1981 til 1984 í dagskóla og til 1996 í öldungadeild. Hann starfaði við Menntaskólann við Sund, við kennslu 1984-1990, og sem kennslustjóri frá 1990 til 1998 þegar hann snéri aftur til starfa við Flensborgarskólann.

Árið 2014 var nám til stúdentsprófs stytta úr fjórum árum í þrjú. Þetta fól í sér breytingar á grunnþáttum menntunar með nýju einingakerfi, endurskipulagningu námsgreina og námsbrauta. Þeim skipulagsbreytingum höfðu framhaldsskólarnir lokið 2016.

<sup>22</sup> Einar Birgir Steinþórsson, *Ársskýrsla* 2012, s. 9 og 18.

Var þetta meðal annars gert til að auka skilvirkni í námi, draga úr brotthvarfi nemenda og til að skila nemendum á svipuðum aldri út í atvinnulíf og í háskóla líkt og gerðist í öðrum löndum. Um þetta sýndist sitt hverjum en Flensborg þurfti, líkt og aðrir framhaldsskólar, að laga sig að þessum breyttu aðstæðum.

Í marsmánuði 2020 fór heimsfaraldurinn að hafa mikil áhrif skólastarfið Flensborgarskólanum. Skólanum var lokað þann 16. mars og allt nám varð á augabragði að fjarnámi. Í upphafi haustannar var hægt að hefja skólastarf að einhverju leyti á ný í húsnæði skólans en vegna sóttvarnaráðstafana varð að loka skólanum aftur á miðri önn og skipta yfir í fjarkennslu. Starfsfólk skólans tókst á við erfiðar og krefjandi aðstæður sem áttu sér engin fordæmi í sögu skólans eða íslensks menntakerfis. Kennarar útfærðu kennsluna í rafrænu umhverfi og nemendapjónustan gerði sitt allra besta til að styðja nemendur með símtölum og bréfaskriftum. Nemendur stóðu sig þó almennt vel og var brotthvarf og námsárangur sambærilegt við fyrri ár.

Magnús Þorkelsson lét af störfum sem skólameistari Flensborgar 2021. Hann hafði verið í náms- og veikindaleyfi frá haustinu 2020 en Erla Sigríður Ragnarsdóttir aðstoðarskólameistari gegndi stöðu skólameistara í hans stað. Hún var síðan skipuð skólameistari vorið 2022 og er fyrst kvenna til að gegna því embætti í Flensborgarskóla. Erla er fædd 1967 og hefur lokið námi í fjölmiðla- og stjórnmálafræði hjá University of Wisconsin–Stevens Point. Hún er með B.A. gráðu í sagnfræði frá Háskóla Íslands, cand. mag. í sagnfræði og stjórnmálafræði frá Háskólanum í Árósum, dipl. ed. í stjórnun og fræðslu frá Háskóla Íslands og MPA í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands. Þá hefur hún lokið námi í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda frá Háskóla Íslands. Erla Sigríður hefur starfað við Flensborgarskólann í Hafnarfirði frá árinu 2002. Fyrstu ár sín í skólanum starfaði hún sem sögukennari en frá 2011 hefur hún gegnt ýmsum stjórnunarstöðum innan skólans; stöðu sviðsstjóra félagsgreina, mannauðsstjóra aðstoðarskólameistara og setts skólameistara.



*Erla Sigríður Ragnarsdóttir.*

Árið 2020 var gefin út heildstæð skólastefna fyrir Flensborgarskólann til ársins 2024. Þar segir meðal annars:

Flensborgarskólinn er framsækinn og nútímalegur framhaldsskóli. Hann einkennist af metnaði í skólastarfi, áræðni og góðri tengingu við nærsamfélagið. Í Flensborgarskólanum ríkir lýðræðisleg hugsun þar sem virðing, jafnrétti og heilsuefning er höfð að leiðarljósi.

Skólinn státar af hæfu, framsæknu og ánægðu starfsfólki sem leggur sig fram um að skapa jákvætt andrúmsloft, bjartsýni, virðingu og metnað í skólasamfélaginu.<sup>23</sup>

Heimsfaraldurinn hélt áfram að hafa áhrif á skólastarf árið 2021 þótt takmarkanir vegna hans væru minni og annars eðlis en áður. Skólastarf hófst í skólanum snemma ársins en þó með þeim takmörkunum að grímuskylda og eins metra fjarlægðarmörk voru sett á. Nemendum og starfsfólki var því gert kleift að sinna starfi sínu að mestu á staðnum. Sóttvörnum var hlýtt til hins ítrasta og engar hópsýkingar komu upp í skólanum.

Til að gera nýnemum kleift að stunda staðnám kæmi til takmarkana á skólastarfi og efla félagsleg tengsl þeirra var ákveðið að bjóða upp á blandað áfanga- og bekkjakerfi. Nýnemum er þá raðað í bekki sem halda sér fyrstu tvær annirnar. Bekkirnir hverju sinni eru tengdir námsbrautunum en einnig hefur námsstaða hvers og eins nemanda áhrif á bekkjarröðun.

Fyrstu nemendur til að útskrifast úr blönduðu kerfi voru nemendur úr fjölmennum hópi



Fyrstu nemendur til að útskrifast úr blönduðu kerfi vorið 2023.

útskriftarefna vorið 2023. Erla Rúrí Sigurjónsdóttir, semidúx skólans, ávarpaði viðstadda fyrir hönd útskriftarhóps-ins og sagði meðal annars í ræðu sinni að gagnkvæmt traust og samvinna einkenndi skólastarfið. Nemendur þyrftu aldrei að leita langt eftir aðstoð.

Hún sagði einnig að í samtölum sínum við samnemendur hefði komið í ljós að það væru ekki stærstu viðburðirnir eða erfiðustu prófin sem stæðu upp úr verunni við skólann heldur væru það tengslin sem nemendur mynduðu hver við annan, skemmtilegu áfangarnir og litlu atvikin eins og spjallið á göngunum. Að mati hennar lýsti þetta andanum í skólanum mjög vel því þar væri alltaf eitthvað að gerast og hlátur og skondnar samræður fylltu stofur skólans.<sup>24</sup>

<sup>23</sup> Flensborg – stefna 2020–2024, s. 8.

<sup>24</sup> Sbr. <https://www.flensborg.is/is/moya/news/brautskraning-vor-2023> 25 Erla Sigríður Ragnarsdóttir, *Ársskýrsla* 2024, s. 38.

Undanfarin misseri hafa verið gerðar miklar úrbætur á húsnæði Flensborgar og er stefnt að áframhaldandi úrbótum í þeim efnum svo sem viðbyggingu ásamt lagfæringum á nánasta umhverfi skólans á allra næstu árum. Útikennslurými við skólann var vígt haustið 2025.

*Græn skref* ríkisstofnana og *Grænfánaverkefnið* eru verkefni sem Flensborgarskólinn hefur unnið að á síðustu árum. Lögð hefur verið meiri áhersla á að auka sýnileika umhverfis- og loftslagsmála innan skólans og valdefla nemendur. Einnig er lögð áhersla á að flokka rusl og virkja nemendur betur í góðri umgengni. Boðið hefur verið upp á samgöngustyrki fyrir þá starfsmenn sem ferðast til og frá vinnu á umhverfisvænan máta. Grænfánaverkefni Landsverndar er leitt af umhverfisnefnd skólans sem skipuð er bæði nemendum og kennurum.

Samskiptasáttmáli er leiðarvísir að jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum á vinnustöðum og í því ljósi var ákveðið að hefjast handa við slíkan sáttmála í Flensborgarskólanum árið 2023. Vinnu við sáttmálann lauk árið 2024 með undirritun starfsfólks skólans. Markmið samskiptasáttmálans er að allt starfsfólk skólans tileinki sér sömu leiðarljós í samskiptum en þau eru átta talsins: ábyrgð, kurteisi, tillitssemi, samkennd, virðing, jákvæðni, fagmennska og traust.

Í ársskýrslu fyrir árið 2024 segir Erla Sigríður skólameistari:

Áfram er mikilvægt að hlúa að starfsanda stofnunarinnar og styðja starfsfólk skólans til aukinnar vellíðunar og tækifæra í starfi. Þá er einnig mikilvægt að halda á lofti fjölbreytni í kennsluháttum, enda framtíðin um margt óráðin og örar breytingar á samfélaginu. Þar hafa skólastjórnendur lagt á það áherslu og hvatt til þess að vel sé fylgst með þróun tækninnar hvað varðar hið rafræna umhverfi kennslu og notkun gervigreindar í kennslu. Alveg er ljóst að þetta verður eitt af meginviðfangsefnum skólastarfsins til framtíðar auk þess að styðja vel við farsæld nemenda.<sup>25</sup>

Á síðustu árum hefur skólafólk víða um heim rætt um stöðu skólanemenda í nýju ljósi. Aðaláherslan er ekki eingöngu lögð á námsgreinar heldur einnig á líðan nemenda og að mæta þeim á forsendum þeirra. Menntun á að stuðla að því að þeir eiginleikar og hæfileikar, sem gera okkur mennsk, fái notið sín, dafnað og þroskast. Þetta hefur verið kallað *Menntun til farsældar* og hefur Flensborgarskólinn haft það að leiðarljósi í starfsþróun sinni.

## Félagslífið í Flensburg

Félagslíf í Flensborgarskólanum fór hægt af stað fyrstu árin. Útgáfa skólablaðs hófst veturinn 1891–1892 og var blaðið handskrifað og nefnt *Skólapilturinn*. Þar voru birt ljóð, bæði þýdd og frumsamin, ásamt ýmsu efni til fróðleiks og skemmtunar. Þetta blað hætti að koma út árið 1938. Á næsta skólaári þar á eftir hóf nýtt skólablað göngu sína sem var prentað og nefndist það *Draupnir*. Af þessum fyrsta *Draupni* komu út þrjú tölublöð en síðan kom blaðið slitrótt út. Á



*Skólapilturinn.*

áttunda áratug síðustu aldar fór *Draupnir* að koma út reglulega og hefur útgáfan haldist óslitið allt þar til á síðustu árum. Nemendafélagið gaf einnig út vikulegt fréttabréf í kringum aldamótin 2000 samhliða *Draupni*. Ýmis önnur skólablöð Flensborgar-

skóla, yfirleitt fjölfölduð, með margvíslegum nöfnum, hafa komið út á síðari áratugum og má þar nefna *Friðrik*, *Gaddavírin*, *Gamminn*, *Líkþorn*, *Samtíning*, *Drepnir* og fleiri.

Um svipað leyti og *Skólapilturinn* hóf göngu sína var stofnað málfundafélag í skólanum. Hélt það fundi á laugardagskvöldum þar sem rædd voru ýmis málefni, lesin upp ljóð og lesið úr *Skólapiltinum*.

Árið 1893 var komið á fót bókasafni við skólann sem nefnt var *Skinfaxi*. Fyrsta veturinn eignaðist safnið 138 bindi og árið 1930 var bóka fjöldinn kominn upp í 750 eintök. Nemendur beittu ýmsum ráðum til að aflu safninu bóka og í nóvember 1892 mátti sjá eftirfarandi auglýsingu í blaðinu *Ísafold*: „Nemendur alþýðu- og gagnfræðaskólans í Flensburg hafa ráðið með sjer, að koma upp vísi til bókasafns við skólann. Til að safna fje í þessu augnamiði, hefir verið leyft að halda „tombólu“ milli jóla og nýárs í vetur, og eru það tilmæli vor undirskrifaðra við alla góða menn, sem menntun unna, að þeir gefi eitthvað lítillræði til tombólunnar.“<sup>25</sup> Tombólan var haldin í skólanum 29. desember, skemmtiatriði voru eftir hana og það kostaði 15 aura inn.

<sup>25</sup> *Ísafold* (16.11. 1892) s. 358.

Fyrstu þrjú árgangarnir, sem útskrifuðust úr menntadeild Flensborgar, 1975, 1976 og 1977, gáfu út rit sem þeir nefndu *Sálu* og hafði að geyma ljósmyndir af kennurum og nemendum með textum í bundnu eða óbundnu máli. Sambærilegt rit, *Flensuna*, höfðu gagnfræðingar gefið út frá 1968 með skopteikningum af kennurum og nemendum.

Formaður Nemendafélagsins (NFF) ber heitið oddviti og hefur hann átt sæti í skólaráði ásamt öðrum fulltrúa nemenda frá 1974.

Leiklistarstarfsemi blómstraði í Flensborgarskólanum á áttunda áratug síðustu aldar og frá 1976 voru leikrit sett upp í skólanum árlega og eitt árið reyndar tvö leikrit. Eftir það hafa leiklistarhópar skólans sýnt leikrit reglulega allt fram á þennan dag.

Á áttunda áratugnum reyndu nemendur Flensborgar einnig fyrir sér í kvikmyndagerð. Stofnaður var kvikmyndaklúbbur sem setti sér það markmið að gera kvikmyndir en einnig að horfa á erlendar kvikmyndir. Árið 1978, á þriðja starfsári klúbbsins, var ráðist í gerð 16 mm kvikmyndar sem fjallaði um skaðvænleg áhrif eiturlyfja á unga og óreynda skólanemendur. Myndin átti að verða þrjátíu til fjörtíu mínútna löng. Fáum sögum fer af því hvort tókst að ljúka við gerð myndarinnar og hvort eitthvað af þeim upptökum, sem gerðar voru, séu enn varðveittar.

Um tíma var starfrækt málfundafélag í skólanum og þegar fram liðu stundir fjölgaði klúbbum á vegum nemendafélagsins. Má þar meðal annars nefna ljósmyndaklúbb, útivistarklúbb og bridgeklúbb og íþróttalíf skólans hefur um langt árabil verið í miklum blóma.

Kór Flensborgarskóla var stofnaður 1981 fyrir tilstuðlan Margrétar Pálmadóttur kórstjóra. Kórstarfið var lengi vel mjög öflugt og fór kórinn meðal annars á nokkur söngmót á erlendri grund. Síðustu ár hefur kórinn ekki starfað en reynt hefur verið að halda úti söngnámi, bæði með kennslu í skólanum og í samstarfi við ungmennakór Hafnarfjarðarkirkju.

Nemendafélagið hefur verið þátttakandi í margvíslegu félagsstarfi í gegnum tíðina. Iðulega hefur verið farið í skólaferðir bæði innan lands og utan og nemendur hafa tekið þátt í *Gettu betur*, *Söngvakeppni framhaldsskólanna* og *Morfis*, oft með góðum árangri. Þar að auki hefur nemendafélagið staðið fyrir reglulegum dansleikjum, haldið árshátíðir og skipulagt vakningardaga. Uppákomur af ýmsu tagi hafa einkennt félagslífið í gegnum tíðina og má þar nefna heimsóknir tónlistarmanna, skemmtikrafta, fyrirlesara og skálda, sundlaugarpartí, trúbadúrakeppni og „lazertag“ svo fátt eitt sé nefnt.



*Starfsfólk Flensborgarskólans 2025.*

Hefðbundin busavígsla var lögð af haustið 2012 og í stað hennar var boðin skemmtidagskrá sem hafði það markmið að bjóða nýja nemendur skólans velkomna á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Sá háttur hefur verið hafður á síðan og á síðari árum hefur skapast sú hefð að bjóða nýnemum í dagsferð út úr bænum.

Starfsemi Nemendafélags Flensborgar hefur verið fjölbreytt, lífleg og skemmtileg síðastliðna áratugi en með styttingu framhaldsskólanámsins hefur þó nokkuð dregið úr félagslífi nemenda. Þá hafði heimsfaraldurinn einnig letjandi áhrif á félagslíf þeirra.

Til styrktar félagslífinu hefur leiðtogaþjálfun verið kennd við Flensborgarskólann á síðustu árum. Áfangana sitja forysta nemendafélagsins hverju sinni sem heldur utan um félagslíf skólans. Undirstöðuatriði í viðburðastjórnun, fundarsköpum og fleiru eru kennd í áföngunum.

Flensborgarskólinn á sér langa og merkilega sögu. Miklar breytingar hafa orðið í skólanum í gegnum tíðina, námið hefur verið í stöðugri þróun og skólinn hefur haft metnað til að taka upp nýjungar og gera breytingar sem nýst hafa samfélaginu sem best. Saga Flensborgar er samofin sögu Hafnarfjarðar og þróun menntamála á Íslandi.



*Simon Jón Jóhannsson.*

*Á hundadögum 2025 Simon Jón Jóhannsson*

## **Heimildir**

Ársskýrslur Flensborgarskólans 2008–2024 <https://www.flensborg.is/>

Björn Pétursson (2014). *Saga Flensborgarskólans í Hafnarfirði 1877 til 2012*. Óútgefið handrit. Hafnarfirði.

„Brautskráning vor 2023.“ <https://www.flensborg.is/is/moya/news/brautskraning-vor-2023>

Böðvar Kvaran og Einar Sigurðsson (1991). *Íslensk tímarit í 200 ár*. Reykjavík.

Emil Lárus Sigurðsson (09. 02. 1980). „Mötuneyti framhaldsskóla.“ *Morgunblaðið*. Reykjavík.

*Fjarðarpósturinn* (06. 05. 1999). „Leiðandi fyrirtæki í samstarf við Flensborgarskóla. Bylting í tölvu- og upplýsingatækni.“

*Fjarðarpósturinn* (09. 09. 2010). „Heilsueflandi framhaldsskóli. Flensborgarskólinn forystuskóli í heilsueflingu.“

Flensborg — stefna 2020–2024 [https://issuu.com/flensborgarskolinn/docs/stefnumotun\\_flensborg\\_2020-web](https://issuu.com/flensborgarskolinn/docs/stefnumotun_flensborg_2020-web)

Flensborg. <https://is.wikipedia.org/wiki/Flensborg>

„Flensborgarskólinn í Hafnarfirði 100 ára“ <https://ferlir.is/flensborgarskolinn/>

Guðni Jónsson (1932). *Minningarrit Flensborgarskólans 1882–1932*. Reykjavík: Nemandasamband Flensborgarskólans.

Hugrún Birta Kristjánsdóttir (2024). *Stytting framhaldsskólans. Áhrif á íslensku, ensku og stærðfræði*. (Lokaverkefni sem er hluti af Magister Educationis-prófi í menntunarfræði) Kennaradeild/framhaldsskólalabraut Hug- og félagsvísindasvið Háskólinn á Akureyri.

*Ísafold* (16.11. 1892). „Tombóla“.

Jón Þorkelsson (1869). *Æfi- og útfararminning skólapiils Böðvars Þórarinssonar*. Reykjavík.

Kristján Bersi Ólafsson (1982). *Flensborgarskólinn í hundrað ár*. Hafnarfirði: Afmælisnefnd Flensborgarskóla.

Loftur Guttormsson (ritstjóri) (2008). *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*. Fyrra og síðara bindi. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ólafur Þ. Kristjánsson (1977). *100 ára skólastarf í Hafnarfirði*. Hafnarfirði: Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

Þórhallur Bjarnarson (01.01.1897). „Þórarinn prófastur Böðvarsson.“ *Andvari*, 22. árg.